

**II.**

Ríkissjóður yfirtekur frá og með gildistöku laga þessara allar eignir og skuldir lánadeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.

**III.**

Tryggingarsjóður sparisjóða skal aðlaga samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

**IV.**

Ríkisviðskiptabanka er fram til 31. desember 1997 heimilt að taka víkjandi lán til endurfjármögnunar víkjandi lánum er bankinn hefur tekið. Hámarksheimild samkvæmt þessu ákvæði miðast við þá fjárhæð sem slík lán námu 1. janúar 1994.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

**LÖG****um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarnastöðvar samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarnastöðvar standi undir útgjöldum hennar.

2. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*